



## Umtalsverð minnkun atvinnuleysis í maí og líkur á að svo verði áfram

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í maí 9,1% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði minnkað úr 10,4% frá því í apríl. Um 21.000 manns voru á atvinnuleysissskrá í maí, þar af um 17.600 atvinnulausir og um 3.400 atvinnulausir í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið var 0,9% og minnkaði um 0,2 prósentustig milli mánaða. Heildaratvinnuleysi í maí var því 10,0% samanborið við 11,5% í apríl og minnkaði þannig um 1,5 prósentustig.


Almennt atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu milli apríl og maí. Mest dró úr atvinnuleysi á Suðurlandi, um 2,9 prósentustig. Almennt er reiknað með að atvinnuleysi minnki þegar líður á árið 2021 og hefur bjartsýni aukist eftir að bólusetningar hófust af krafti og með auknum komum erlendra ferðamanna. Okkar möguleikar í því sambandi eru reyndar líka mjög háðir sömu þróun í okkar helstu viðskiptalöndum.

Vinnuálastofnun spáir því að áfram dragi úr almennu atvinnuleysi og að það verði í kringum 7,5% í júní, m.a. vegna árstíðarsveiflu og sérstaks atvinnuátaks stjórnvalda. Atvinnuleysi hefur nú minnkað fimm mánuði í röð og því lítur nú út fyrir að hámarki atvinnuleysis hafi verið náð. Atvinnuleysið var hins vegar um 5% í upphafi ársins 2020 og því langt í land þar til við sjáum aftur svipað atvinnuleysisstig og þá.


### Staðan enn alvarlegust á Suðurnesjum

Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 18,7% í maí og minnkaði um 2,9 prósentustig frá apríl. Almennt atvinnuleysi var 24,5% í janúar og hefur nú minnkað fjóra mánuði í röð, alls um 5,8 prósentustig. Almennt atvinnuleysi á því svæði er eftir sem áður næstum tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða 9,4%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 8,0%. Minnsta atvinnuleysið var á

Atvinnuleysi 2020 og 2021



Almennt atvinnuleysi í apríl og maí 2021





Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur.

### Atvinnuleysi kynjanna svipað í heild

Á síðustu árum hefur atvinnuleysi kynjanna þróast með svipuðum hætti sé litið á landið allt. Á árinu 2020 var meðalatvinnuleysi bæði karla og kvenna 7,9%, en árin tvö þar á undan var atvinnuleysi kvenna 0,2-0,3 prósentustigum meira en hjá körlum. Fyrstu fimm mánuði ársins 2021 hefur atvinnuleysi bæði karla og kvenna verið 10,7%. Á milli apríl og maí minnkaði atvinnuleysi karla á landinu öllu um 1,4% á meðan það minnkaði um 1,0% meðal kvenna. Atvinnuleysi karla var 8,9% í maí og 9,5% meðal kvenna.

### Laus störf

Alls voru 4.018 ný störf auglýst í maí, en þau voru 1.972 í apríl. Flest voru störf verkafólks í ýmiss konar þjónustu. Þann 10. júní voru um 10.500 störf í boði hjá Vinnumálastofnun. Flest auglýstra starfa eru í tengslum við átaksverkefni eða reynsluráðningar, eða um 98%, önnur teljast almenn störf.

Flest starfanna eða 61%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 16% á Suðurnesjum og 10% á Suðurlandi. Tæplega helmingur lausra starfa er í greinum sem tengjast ferðaþjónustu. Um 1.362 ráðningasamningar voru gerðir í maí í átakinu Hefjum störf.

### Ástæða til bjartsýni


Eins og áður segir lítur út fyrir að þróunin verði áfram niður á við varðandi atvinnuleysi í þessari krepptu. Árangur í bólusetningum er farinn að koma í ljós og nú er mikið horft til baráttunnar við faraldurinn í helstu viðskiptalöndum okkar sem hefur óneitanlega töluverð áhrif á þróun atvinnuleysis hér á landi.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Heildaratvinnuleysi í maí 2021



Heimild: Vinnumálastofnun

Fjöldi starfa í boði



Heimild: Vinnumálastofnun